
3.desember Alþjóðadagur fatlaðs fólks - Upplýst samfélag.

From Mottaka Obi <mottaka@obi.is>

Date Thu 2025-11-06 12:53

To Mottaka Obi <mottaka@obi.is>

Góðan daginn

Á alþjóðadegi fatlaðs fólks 3. desember ár hvert er kastljósinu beint að baráttu fatlaðs fólks og mikilvægu framlagi þess í samfélaginu. Fram undan er þessi mikilvægi dagur en hann hefur verið haldinn frá árinu 1992 með það að markmiði að efla skilning á málefnum fatlaðs fólks og ýta undir stuðning við reisn, réttindi og velferð. Jafnframt að auka vitund um þann ávinning sem hlýst af þátttöku fatlaðs fólks á öllum sviðum samfélagsins – stjórn mála-, félags-, efnahags- og menningarlífs.

Fjólublár er litur alþjóðlegrar réttindabaráttu fatlaðs fólks og undanfarin tvö ár hafa ýmsar stofnanir og fyrirtæki lýst upp byggingar fjólubláu ljósi ❤️ Við hjá ÖBÍ réttindasamtökum langar að athuga hvort þið vilduð taka þátt í þessum degi með okkur og lýsa upp fjólubláu ljósi frá 29. nóvember til 5. desember næstkomandi og leggja þannig þessari mikilvægu baráttu lið?

Markmiðið er upplýst samfélag – ekki aðeins þessa daga heldur alla daga, samfélag þar sem fatlað fólk nýtur verðskuldaðrar virðingar og sjálfsagðra réttinda.

Með hlýjum kveðjum,
Alma

Alma Ýr Ingólfssdóttir

Formaður/Chair

ÖBÍ réttindasamtök

The Icelandic Disability Alliance

Sími 5306700

alma@obi.is

www.obi.is